

Námskrá



Leikskólinn Baugur

Efnisyfirlit

- Um skólann
- Námskrá leikskólans
- Hugmyndafræði leikskólans
- Leiðarljós leikskólans
- Lýðræði og jafnrétti
- Leikur og nám
- Námsumhverfi
- Samþætt og skapandi leikskólastarf
- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning
- Mat á námi og velferð barna
- Fjölskyldan og leikskólinn
- Tengsl skólastiga
- Starfsáætlun
- Mat á leikskólastarfi
- Börn hafa hundrað mál
- Perlan



Útgefandi: Leikskólinn Baugur

Ábyrgðarmaður: Margrét Magnúsdóttir

Útgáfudagur: 3. október 2017

Um skólann

Leikskólinn Baugur tók til starfa 3. október 2007 og byrjaði sem 6 deilda fyrir 120 börn en haustið 2012 var bætt við tveimur deildum í auka húsi og er nú rými fyrir 152 börn. Heildarrými leikskólans er 1050,7m² sem skiptist í þrennt, tveir gangar með þremur deildum hvor og lausar stofur með tveimur deildum.

Námskrá leikskólans

Námskrá leikskólans byggist á aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum og reglugerðum fyrir leikskóla, aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs, samþykktum bæjaryfirvalda og ýmsum stefnumótandi samþykktum. Námskráin fjallar um starf leikskólans og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í námskránni koma einnig fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn aðhyllist í samskiptum við börn, kennara, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur námskrár er að:

- skipuleggja uppeldi og nám barna,
- stuðla að skilvirkara starfi,
- gera leikskólastarfið sýnilegra.



Hugmyndafræði leikskólans

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Baugur starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia sem kennd er við borgina Reggio Emilia á norður Ítalíu. Loris Malaguzzi var kennari og sálfræðingur að mennt og lagði grunninn að hugmyndafræði Reggio Emilia. Malaguzzi taldi nám eiga að vera ánægjulega reynslu þar sem börn tækju virkan þátt í að afla, fanga og túlka. Hann lagði áherslu á að börn ættu rétt á að vera viðurkennd sem virkir þátttakendur í að skapa eigin sjálfsmynd, sjálfstæði og hæfni. Þetta gerist í samskiptum við önnur börn, fullorðna, hugmyndir og hluti. Í leiknum er barnið að skapa úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna.

Talað er um að kennararnir í Reggio Emilia séu þeir:
börn - kennarar - umhverfi.

Börnin eru viðurkennd sem virkir þátttakendur í að skapa eigin sjálfsmynd, sjálfstæði og hæfni.

Börnin eru örðuð til að velta fyrir sér raunveruleikanum frá sem flestum hliðum, spá og spekúlara, skoða og setja fram tilgátur og prófa þær.

Börnin fá að þroska hæfileika sína, njóta virðingar og á þau er hlustað.

Kennarar styðja við og leiða börnin áfram með spurningum og athugasemdum sem ýtir undir forvitni þeirra og löngun til rannsókna.

Kennarar spyrja börnin opinna spurninga, hvað, hvernig og hvers vegna og leyfa verkefnum að breyta um stefnu.

Umhverfið er allt sem umlykur okkur, hljóð, lykt, hlutir, fólk, litir, það sem hreyfist, heitt, kalt, birta, skuggar og fleira.

Umhverfið er þannig að allir fá tækifæri til að hafa áhrif á það og að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.




Hugmyndafræði Leikskólans

Lögð er áhersla á að borin sé virðing fyrir upplifun barnanna, hlustað sé á þau og þeim sýndur skilningur á bæði jákvæðum og neikvæðum tilfinningum. Með þessu er lagður grunnur að sterkum, sjálfstæðum einstaklingum sem taka ábyrgð á sjálfum sér.

Kennarar leggja sig fram við að stjórna ekki umræðunum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem börnin hafa að segja og ræða sín á milli. Börnin eru hvött til þess að nota sín eigin mál þar sem ýtt er undir forvitni, ímyndunarafl, sköpunargleði, skynjun og hugsun. Það felst í því að gefa þeim tækifæri og tíma til að “skynja og uppgötva”.

Til að nálgast hugmyndafræðina er stöðvavinna meðal annars notuð, þar sem kennararnir eru virkir þátttakendur í vinnunni með börnunum og þar með samverkamenn í þekkingarleit barnanna.

Kennarar koma til móts við námsparfir barnanna og leggja fyrir verkefni sem hæfir áhuga og þroska hvers og eins, þar sem styrkleikar einstaklingsins njóta sín. Stöðvavinna stuðlar að sjálfstæði barnanna og gefur kost á fjölbreyttum viðfangsefnum og verkefnum sem grundvallast á hugmyndum, áhugahvöt og virkni barnanna. Þegar börnin vinna í hóp læra þau að þekkja og treysta hverju öðru. Þetta eflir sjálfstæði þeirra og virkni, eykur samskiptahæfni og byggir grunn að góðu samstarfi og vináttu.



Linkunnarorð leikskólans

Skynjun

Með áherslu á þjálfun skynfæranna eykst sjálfsvitund barna og trú þeirra á eigin getu. Þau geta frekar tjáð innri upplifun sína ef þau fá að prófa og skynja. Börnin fá tækifæri til að handfjatla hluti, kanna, prufa og gera tilraunir með þá, misheppnast og reyna aftur. Svæði sem gefa bæði kennurum og börnum tækifæri til að upplifa, rannsaka og gera tilraunir er grundvöllur náms og er áhersla lögð á fjölbreytt svæði innan leikskólans. Umhverfi leikskólans er einnig nýtt í nám barna og er náttúran endalaus uppspretta skynjunar og leikja.

Uppgötvun

Til að vekja börn til umhugsunar þarf að spyrja þau ótal spurninga og er lögð áhersla á að nota opnar spurningar, “hvað, hvernig og hvers vegna”. Börnin öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem börnin öðlast á leiðinni þangað. Upplifun barnanna er viðurkennd og opnar þeim frjálsa leið til náms, án þess að lögð sé á hana dómur.

Þekking

Áhersla er lögð á að opna börnunum frjálsa leið til náms og þekkingar. Ný þekking leiðir til aukinnar þekkingar, því það sem börnin sjá og hugsa leiðir þau áfram til enn nýrri þekkingar. Hlustað er á börnin og kennarar gefa börnunum ekki þekkingu heldur hjálpa þeim við að byggja upp sína eigin.



Leiðarsjós leikskóla

*Börn eru í eðli sínu forvitin, hafa löngun til að læra
og eru gædd mörgum yndislegum eiginleikum.*

Þau eru skapandi, umhyggjusöm og geta tekið eigin ákvarðanir.

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska, leikskólinn veitir börnunum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Áhersla er lögð á styrkleika og hæfni hvers einstaklings og litið á hvert barn sem fullgildan þátttakanda í samfélagi leikskólans. Í starfi leikskólans mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja.



Lýðræði og jafnrétti

Leikskólinn er vettvangur þar sem lögð er áhersla á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag þar sem foreldrar, kennarar og börn eru samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í Baugi er lögð áhersla á að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, þrói með sér samkennd, tillitsemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barnanna er eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Börnin eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir. Þau fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt.

Réttur allra er virtur óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu.

Nám án aðgreiningar

Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um.


Markmið hennar er að styðja barnið þannig að það geti notið leikskóladvalar sinnar og þroskast sem best á eigin forsendum. Þörfum sérhvers einstaklings er mætt þannig að allir njóti sama réttar, fái sama viðmót, hvatningu og örvun.

Sérkennslan fer yfirleitt fram á deildum í litlum barnahópum en einnig er unnið með eitt barn í einu, allt eftir eðli hvers máls. Sérkennslustjóri heldur utan um sérkennsluna og vinnur í nánú samstarfi við deildarstjóra viðkomandi deilda og foreldra. Ætíð er fengið samþykki foreldra fyrir allri sérkennslu, greiningum og mati auk þess sem leitað er eftir áliti og upplýsingum í foreldraviðtölum.



Leikur og nám

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfinu. Hann er meginnámsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan. Mikilvægt er að þekkja leik barna, virða og hlúa að honum, gefa honum rými, skipuleggja leikumhverfið og skapa jákvætt þroskaumhverfi. Lögð er áhersla á styrkleika barnanna með tilliti til þátttöku og virkni við dagleg störf svo börnin fái tækifæri til að upplifa og kanna á sínum eigin forsendum. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra. Kennarar styðja við leik barna á margvíslegan hátt og er börnunum gefinn tími og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka. Börn yfirfæra reynslu daglegs lífs í leik sinn og endurspegla oft það sem fullorðnir eru að gera og því eru kennarar mikilvægar fyrirmyndir barnanna bæði í orðum og athöfnum.



Námsumhverfi

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Umhverfið getur verið breytilegt og boðið er upp fjölbreytta valkosti.

Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Námsumhverfi Baugs gefur margvísleg tækifæri til náms bæði innandyra sem utan og tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn. Kennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttða reynslu.

Börnin fá að starfa og leika á sínum forsendum, þroska og þjálfa alla sína hæfileika. Lóð leikskólans er stór og fjölbreytt og á henni eru útileiktæki og aðgangur að vatni, sandi og mold. Nærumhverfi leikskólans, s.s. Magnúsarlundur, býður upp á skemmtilegar gönguleiðir og skógarsvæði.



Samþætt og skapandi

*„Börn eru gullnáma en hlutverk fullorðinna
er að fá gullið til að glóa“*

Lovís Malaguzzi

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns. Leikurinn endurspeglar reynsluheim barnsins og ímyndunarafl. Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan, í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Kennsluaðferðir sem nota má í leikskóla eru til þess gerðar að vekja áhuga, forvitni, þekkingu, skilning og tjáningu. Ásamt því að efla með börnunum jákvæð samskipti og um leið efla allan almennan þroska. Námssvið leikskólans skarast og allir uppeldisþættir eru samofnir og verka meira og minna hverjir á aðra í öllu daglegu starfi í leikskólanum.

Námssvið leikskóla eru:

Læsi og samskipti.
Heilbrigði og vellíðan.
Sjálfbærni og vísindi.
Sköpun og menning.



Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi, í víðum skilningi þess orðs, er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Hér er átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna sem hjálpa börnum að lesa

í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki mannsins til boðskipta og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Málrækt fléttast inn í allt starf leikskólans, í daglegu starfi, leik, við lestur, sögugerð, myndsköpun og að ritmálið sé sýnilegt.

TRAS skráningarlistinn er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.

Hljóðkerfis- og málvitund elstu barna leikskólans er könnuð með *Hljóm* – 2 sem er greiningartæki í leikjaformi.

Boðið er upp á leiki og námsefni sem örvar hljóðkerfis- og málvitund barnanna og má þar nefna: *Lubbi finnur málbeinið*, *Bínu bálreiðu*, *Leikum og lærum með hljóðin og leikur að orðum*.

Sjónrænt dagskipulag er nýtt í leikskólanum til að auðvelda börnunum að lesa í umhverfið með sjónrænum vísbendingum.

Lubbi

Lubbastundir byggjast á bókinni *Lubbi finnur málbein*. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar mikið að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku málhljóðin. Í bókinni er hvert hljóð táknað með litlum og stórum bókstaf. Hverju málhljóði fylgir ákveðið lag og er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Hvert málhljóð á sér ákveðið tákni, í þeim táknum er oft á tíðum stuðst við tákni með tali.



Læsi og samskipti

Samskipti

Sjálfsprottinn leikur fær að njóta sín og börnin efla félagsþroska, samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í leiknum. Hugmyndir og uppgötvanir eru ræddar, kennarar og börn deila reynslu sinni og þekkingu. Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti, börnin læra að setja sig í spor annarra og rætt er um tilfinningar og líðan. Umhyggja og umönnun skipar stóran sess í starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að kennarar myndi traust og nán tengsl við börnin, það fari fram jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl á milli barnanna.

Vinátta

Til að efla vináttu meðal barnanna notum við m.a. verkefnið „Vinátta“ þar sem hvatt er til samtala og leikja með börnunum.

Bangsinn Blær er tákmynd vináttunnar í verkefninu og honum fylgja litlir hjálparbangsar sem ætlaðir eru hverju barni sem tekur þátt í verkefninu.

Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á hvort annað og vera góður félagi allra.

Markmið Vináttu - verkefnisins er:

- Að samfélagið í leikskólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu.
- Að skapa umhverfi þar sem börn sýna hvert öðru umhyggju.
- Að börn læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti.
- Að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja féлага sína.



Heilbrigði og vellíðan

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Hreyfing er börnum eðlislæg, hún stuðlar að vellíðan og hefur í för með sér gleði og ánægju. Hreyfing og vellíðan hefur jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og aðstæður. Leitast er við að tryggja skapandi umhverfi og að börnin upplifi jákvæða reynslu, njóti sín þannig að hvert og eitt barn fái tækifæri til að skynja og skilja umhverfi sitt.

Til að börn geti tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl er unnið með þá þætti sem hafa áhrif á heilsu þeirra og vellíðan, s.s. hollt mataræði, hreinlæti og mikilvægi hvíldar. Stuðlað er að ögrandi og krefjandi útivist jafnt á við slökun og hvíld.

Hreyfing

Börn hafa mikla þörf á að hreyfa sig frjálst og óhindrað og fer hreyfingin fram innandyrna sem utan. Lögð er áhersla á fjölbreytta hreyfingu í ólíku umhverfi, börnin fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst og taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Í hreyfingu læra börn að þekkja og skynja líkama sinn, lögð er áhersla á að þau læri ýmis stöðuhugtök eins og rými, fjarlægðir og áttir.

Útivera - gönguferðir

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Hún er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Garður leikskólans er stór og fjölbreyttur og býður upp á mikla möguleika til hreyfingar og leikja. Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst en einnig er boðið upp á skipulagða leiki. Farið er í styttri og lengri gönguferðir um nágrenni leikskólans þar sem fléttað er saman útivist, náttúruskoðun og hreyfingu.

Slökun

Lögð er áhersla á að vinna með slökun og vellíðan til að draga úr spennu og stuðla að betra andlegu jafnvægi og sjálfsstjórn. Slökunaræfingarnar stuðla einnig að því að börnin læri að fylgjast með eigin líðan og hugsunum.



Heilbrigði og velliðan

Matartímar

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi og þar gefast tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Kennarar matast með börnunum og lögð er áhersla á að börnin læri almenna borðsiði, taki þátt í borðhaldi, undirbúningi og frágangi eins og geta þeirra og þroski leyfir.



Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Börnin þvo sér um hendur fyrir mat og eftir að þau hafa notað salerni. Yngstu börnin í leikskólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að það gangi vel og jákvætt fyrir sig.



Frágangur og snyrtimennska

Frágangur og snyrtimennska er einn liður í uppeldi og menntun barnanna. Þau læra að ganga frá fatnaði sínum og leikefni auk þess sem þau eru virkir þátttakendur í ýmsum verkefnum sem reyna á sjálfstæði þeirra. Leitast er við að hafa efnivið og leikefni aðgengilegt börnunum.



Svefn og hvíld

Eftir hádegismatinn sofna yngstu börnin en þau eldri eiga kyrrláta stund þar sem þau slaka á, hlusta á sögu, rólega tónlist eða fara í slökunarleiki. Með því að hlúa að svefnvenjum barnanna hlúum við í leiðinni að líkamlegri og andlegri heilsu þeirra.



Sjálfbærni og vísindi

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera börnum kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Sjálfbærni snýst um samfélagið, umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð. Ytt er undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnanna, vísindalega hugsun og þau aðstoðuð við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu, styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Ytt er undir vísindalega hugsun með því að spyrja spurninga og hvetja börnin til tilrauna. Börnum er það eðlislægt að kanna umhverfi sitt og þau læra mest á að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, draga ályktanir, rannsaka og upplifa.

Starf barnanna í leikskólanum byggir m.a. á vettvangsferðum um náttúruna og umhverfið þar sem börnin styrkja líkama sinn og læra að vernda heilsu sína. Börnin fá að kynnst mismunandi veðurfari og þau læra að þekkja sitt nánasta umhverfi, s.s. örnefni og menningu, auk þess sem þau fræðast um náttúru og dýraríki Íslands. Lögð er áhersla á að gefa börnunum tækifæri til að vinna úr náttúrulegum efnum og endurnýtanlegum efnivið, skapa úr honum og stuðla þannig að sjálfbærri þróun.

Markmið umhverfisstefnu leikskólans er að:

- skapa samfélag í leikskólanum sem byggir á jafnrétti og samábyrgð
- umhverfi leikskólans inni og úti sé heilnæmt, öruggt og hvetjandi fyrir börnin
- börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfi sínu inni og úti
- stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu
- auka hlutvistvænna innkaupa og umhverfismerktra vara í leikskólanum.



Sköpun og menning

Sköpun og menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, barnamenningu, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Myndsköpun

Börn njóta þess að skapa og finna til ánægju og sjálfstrausts yfir eigin sköpunarkrafti og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Ýmis konar tilraunir eru gerðar með efniviðinn og ýtt er undir frjálsa, sjálfstæða sköpun og hugmyndaflug barnanna þar sem þau fá að rannsaka og framkvæma á eigin forsendum.

Hefðir og hátíðir

Leikskólinn myndar sérstakt samfélag barna, kennara og foreldra sem skapar sér ákveðna menningu. Ýmsar hefðir og hátíðir eru viðhafðar í leikskólanum og eru börnin virkir þátttakendur í þeim. Leikskólinn stendur fyrir margvíslegum ferðum á listasöfn, bókasöfn, Þjóðminjasafnið, í leikhús og á tónleika sem hafa það að markmiði að auðga og víkka reynsluheim barnanna og kynna þeim samfélagið.

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu og börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Stutt er við sjálfsprottinn söng, dans og leikræna tjáningu barnanna sem notað er í daglegum samverustundum með börnunum. Fjölbreytt lagaval, sögur, þulur og leikir í þessum stundum eflir sköpunar- og tjáningargleði barnanna og að þau njóta þess að syngja saman og læra lög og texta.



Mat á námi og velferð barna

Mat á velliðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn eru að fást við í leik og starfi. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Það á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli mats skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að það geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Mikilvægt er að horfa á styrkleika barnanna í stað þess að flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Börnin meta starfið með ýmsum aðferðum t.d. með umræðum, teikningum og ljósmyndum. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barnanna er lögð áhersla á:

alhliða þroska,
sjálfstæði,
áhugasvið,
þátttöku í leik úti og inni,
félagsfærni og samkennd,
frumkvæði og sköpunarkraft,
tjáningu og samskipti.



Fjölskyldan og leikskólinn

Í Baugi er lögð áhersla á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Við viljum að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á trausti og gagnkvæmri virðingu. Foreldrum er sérstaklega boðið í leikskólann á ýmsum dögum sem tengjast hefðum og hátíðum. Að vori er kynningarfundur fyrir nýja foreldra þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans og húsnæðið skoðað.

Aðlögun

Í Baugi er þátttökuaðlögun þar sem foreldrar fylgja börnum sínum þrjá fyrstu dagana í leikskólanum. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Foreldrasamtöl

Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar á ári þar sem rædd er líðan barnsins, nám þess og þroski í leikskólanum og heima fyrir.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í leikskólanum en markmið þess er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum, að styðja og styrkja það uppeldisstarf sem þar er unnið. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju ári, eins og t.d. sumarhátíð leikskólans, sveitaferð o.fl.

Foreldraráð

Foreldraráð metur faglegt starf leikskólans. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfinu og fjallar um ýmiss mál tengd leikskólastarfinu.




Tengsl skólastiga

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild og meginmarkmið samstarfsins sé að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barna er í brennidepli.

Samstarf er milli ákveðinna bekkja og leikskólans þar sem kennarar leik- og grunnskóla mynda teymi sem vinna saman að skipulagi heimsóknna. Börnin úr fyrstu bekkjum Hörðuvallaskóla og elstu börn leikskólans hittast skipulega fimm sinnum yfir veturinn, bæði í leik- og grunnskólanum. Leikskólabörnunum er boðið á ýmsar upptækingar í Hörðuvallaskóla og einnig fara kennarar með elstu börnin í ferðir á lóð skólans til að kynna þeim umhverfið.

Starfsáætlun

Árlega er unnin starfsáætlun sem er í senn mat á starfi síðasta skólaárs og faglegum áherslum á komandi starfsári lýst, auk þess er umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Áætlunin fær umsögn foreldraráðs áður en leikskólanefnd Kópavogs tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla. Leikskólinn gefur út skóladagatal þar sem koma fram dagsetningar á föstum þáttum í starfinu. Á heimasíðu leikskólans <http://baugur.kopavogur.is> eru fréttir, myndir og helstu upplýsingar.



Mat á skólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt:

Innra mat

Leikskólinn framkvæmir sjálfur innra mat og er því ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum, þróun og auknum gæðum. Tekið er tillit til sjónarmiða kennara, barna og foreldra.

Hver matsaðferð er notuð að minnsta kosti annað hvert ár og eru niðurstöður matsins og umbótaáætlun birtar í starfsáætlun leikskólans.

Matsaðferðir:

- Símat er í gangi á skipulagsdögum á öllum námsþáttum og starfinu.
- Matslistar þar sem starfsmenn meta störf sín, samstarf og samskipti við vinnufélaga og mat á stjórnun leikskólans.
- Börnin meta starfið með það að markmiði að fá fram sýn þeirra á leikskólann, líðan þeirra, lýðræði í leikskólanum með spurningum frá starfsfólki.
- Foreldrar meta starfsemi leikskólans og gefa niðurstöður matsins kennurum góða vísbendingu um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara.
- Ferilmöppur leggja áherslu á að gera starfið sýnilegt, sýna þróun og framfarir barnanna.

Ytra mat

Ytra mat er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Deildarstjóri leikskóladeildar í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.



Mat barna

Börnin eru sífellt að meta starfið t.d. með umræðum um hin ýmsu viðfangsefni og oft er gerður hugmyndavefur þar sem hugmyndir barnanna eru skráðar og ræddar í hópnum. Hugmyndir þeirra verða þannig sýnilegar og börnin sjá að það sem þau segja skiptir máli.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í leikskólanum?

- leika í dúkkukrók
- fara í konungaljónaleik
- leika með kubba
- að perla

Hvers vegna ertu í leikskóla?

- til að læra margt
- til þess að læra reglurnar og teikna út af því ég er krakki,
- til þess að læra hvað á að gera
- til þess að læra að vera góður

Börn hafa hundrað

Barnið er samsett af hundrað.

Barnið hefur hundrað mál.

Hundrað hendur, hundrað hugsanir.

Hundrað leiðir til að hugsa, leika og tala.

Hundrað, ávallt hundrað leiðir til að hlusta,

til að undrast, til að elska.

Hundrað hamingju til að syngja og skilja.

Hundrað heima til að uppgötva.

Hundrað heima til að kanna.

Hundrað heima til að dreyma.

Barnið hefur hundrað mál

en frá þeim eru stolin níutíu og níu.

Skólinn, menningin, skilja höfuð frá líkama,

þau segja barninu:

Að hugsa án handa,

að framkvæma án höfuðs,

að hlusta án þess að tjá sig,

að skilja
án



Persan


Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum. Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar.

Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn sambættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi.

Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.



Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur

Í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.